

Umhverfisstofnun
Áb. *KG*

26 APR. 2004
40

Tilv. *UST20040300070*



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis
iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. apríl 2004

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20040300070/KG

Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð, 452. mál

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um vetnisráð, 452. mál.


Umhverfisstofnun fagnar aðgerðum sem lúta að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og nota þess í stað aðra orkugjafa s.s. vetni. Stofnunin mælir því með því að fyrirhugað vetnisráð verði stofnað og að hlutverk þess verði eins og lagt er til í tillögunni. Umhverfisstofnun saknar þess að ekki er gert ráð fyrir aðkomu umhverfisfyrivalda að ráðinu og leggur til að svo verði gert. Einnig telur stofnunin orka tvímælis að í slíku opinberu ráði sitji fulltrúar ákveðins einkafyrirtækis á viðkomandi sviði þar sem er opinn samkeppnismarkaður. Slíkt fyrirkomulag getur leitt af sér hagsmunaárekstra og óheppileg hagsmunatengsl. Umhverfisstofnun telur eðlilegra að í slíku ráði sitji fulltrúar atvinnugreina, stofnana og óháðir aðilar.

Í samræmi við framanritað leggur Umhverfisstofnun til eftirfarandi breytingartillögu við 3. málslið þingsályktunarinnar:

„Ráðið verði skipað níu fulltrúum, formanni sem ráðherra skipar án tilnefningar, einum frá Samtökum iðnaðarins, einum frá Háskóla Íslands, einum frá Samorku, einum frá Orkustofnun, einum frá Iðntæknistofnun, einum frá Tækniskóla Íslands og einum tilnefndum af umhverfisráðherra. Þá tilnefna fyrirtæki sem vinna að eflingu vetnisnýtingar einn sameiginlegan fulltrúa í vetnisráð. Komi fyrirtækin sér ekki saman um fulltrúa sker iðnaðarráðherra úr um.“

Virðingarfyllst,


Davíð Egilsson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður